

Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla

2025 - 2029



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Gerðaskóli	4
1.1. Skólanámskrá Gerðaskóla	5
1.2. Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar	5
2. Innra mat	7
2.1. Tilgangur og markmið matsins	7
2.2 Matsteymi	8
3. Ytra mat grunnskóla og áhrif þess á innra mat	10
3.1 Markmið og tilgangur ytra mats	10
4. Framkvæmd innra mats í Gerðaskóla	11
4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun	14
4.2 Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla	14
4.3 Aðrar kannanir	15
5.1 Skimanir stoðþjónustu	16
6. Lokaorð	18
Heimildaskrá	20

Inngangur

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig sjálfsmati verður sinnt í Gerðaskóla skólaárin 2025-2029.

Markmið innra mats er að gera skólum kleift að taka ákvaðanir um starfið á grundvelli formlegs mats. Með innra mati skoða meðlimir skólasamfélagsins stöðu skólans gagnvart þjónustu við nemendur með hagsmuni þeirra í huga. Með matinu er skoðað hvað er verið að gera vel, hvað þarf að laga, hverjir eru styrleikar skólans og hvað er hægt að gera til að skólinn verði enn betri (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

Samkvæmt lögum um grunnskóla (91/2008) ber hverjum skóla að meta starfið með kerfisbundnum hætti, í 36. grein stendur:

„Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr.91/2008).

Það er að mörgu að hyggja þegar sjálfsmatsáætlun er gerð og nauðsynlegt að vandað sé til verka. Í þessari áætlun verður lögð áhersla á að uppfylla þau markmið sem sett eru skv. lögum og reglugerðum en einnig verður horft til þátta sem matsfræðin leggja áherslu á. Þessu til viðbótar verður horft til viðmiðunarlista vegna

ytra mats skóla sem gert er af Menntamálastofnun fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í fyrsta kafla kynnumst við Gerðaskóla, förum lauslega yfir skólanámskránnu og gildandi skólastefnu í Gerðaskóla og mennta- og tómstundarstefnu sveitafélagsins sem er í innleiðingarferli. Í öðrum kafla er rætt um áhrif ytra mats á sjálfsmat skólans, kenningar og nálganir og markmið og tilgang innra mats svo og matsteymið. Í þriðja kafla er komið að sjálfsmatinu sjálfu, aðferðum og framkvæmd, grunni að sjálfsmatsáætlun, öðrum matsverkefnum o.fl. Í viðauka við sjálfsmatsáætlunina er að finna ítarlega lýsingu á grunni sjálfsmatsáætlunarinnar auk fylgiskjala.

1. Gerðaskóli

Séra Sigurður Brynjólfsson Sívertsen stóð fyrir stofnun barnaskóla í Gerðum eða Gerðaskóla, árið 1871 en starfsemi skólans hófst formlega árið 1872. Fyrsta skólahúsið var staðsett við fjörukambinn á Gerðum, svo var skólinn fluttur í Miðhús og seinna á Útskála en árið 1910 hófs bygging skólans á núverandi stað og starfsemi hans hófst hér árið 1911 (Gerðaskóli, 2019). Síðan þá hefur verið byggt við skólann sjö sinnum en skólinn verður stækkaður meira á næstu árum.

Öll starfsemi skólans fer fram í núverandi húsnæði en auk bekkja- og verkgreinastofa eru námsver, hegðunarver, bókasafn, matsalur og skólagæsla í húsinu. Í öllum bekkjastofum eru millirými þar sem hægt er að vinna með minni nemendahópum. Þá hefur Tónlistarskólinn verið með aðstöðu í einni stofu í elstu byggingu skólans ásamt því að þroskaþjálfari, sálfræðingur/kennsluráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur eru með sérrými fyrir starfsemi sína. Aðstaða fyrir starfsmenn þokkaleg en í einum hluta byggingarinnar eru aðsetur fyrir stjórnendur, vinnurými fyrir kennara og kaffistofa starfsmanna ásamt því að skrifstofa ritara og fundaherbergi eru á sömu slóðum. Nemendum er boðið upp á heitan mat í hádeginu alla skóladaga og starfsfólk getur keypt matarmiða hjá skrifstofustjóra. Maturinn kemur frá Skólamat.

Gerðaskóli er einsetinn skóli en haustið 2024 voru 251 nemendur skráðir í skólanum í 1. - 10. bekk, í samtals tíu bekkjardeildum. Starfsmenn skólans eru 72 talsins en

Þar af eru 35 kennarar og fjórir stjórnendur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu og deildarstjóri fagstarfs.

1.1. Skólanámskrá Gerðaskóla

Gerðaskóli starfar samkvæmt skilgreiningu um skóla án aðgreiningar sem felur í sér viðurkenningu á einstaklingsmun og rétti hvers nemandar til að stunda nám innan félagsheildar bekkjarins samkvæmt námskrá og með aðferðum sem styrkja sjálfsmynd hans og auka sjálfstæði. Skóli án aðgreiningar er ekki sérmál einstakra kennara heldur skólans alls.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum. Gerðaskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Seinni hlutinn er starfsáætlun sem er þetta rit. Meðfylgjandi þessu riti eru bekkjaráætlanir allra árganga sem einnig má finna á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og bekkjaráætlunum. Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans www.gerdaskoli.is. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

1.2. Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar

Mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar markar framtíðarsýn í mennta- og tómstundamálum og á erindi til alls samfélagsins. Stefnan setur skýran ramma um áherslur í málaflokkunum: Jöfn tækifæri fyrir öll, lærdómssamfélag, hæfni til framtíðar, heilsueflandi samfélag og gæði í forgrunni. Meginmarkmið stefnunnar er að ná fram eftirsóknarverðum árangri til þess að öll hafi tækifæri til að auka við færni sína. Lykilþættirnir leggja grunn að framtíðarsýn íbúa samfélagsins. Stýrihópur var myndaður á haustmánuðum 2020 sem leiddi verkefnið. Notast var við ábendingavefinn „Betri Suðurnesjabær“ þar sem íbúar höfðu tækifæri til að hafa áhrif á mótun stefnunnar. Jafnframt var rýnt í starfshætti mennta- og tómstundastarfs og lagt mat á hvað væri mikilvægt að horfa til í nýrri stefnu. Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn í apríl 2024. Í kjölfarið var myndaður verkefnahópur sem

vann aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2027. Vinna við seinni aðgerðaáætlun mun fara fram árið 2027.

Suðurnesjabær er heilsueflandi samfélag þar sem starfandi eru tveir leikskólar, tveir grunnskólar, tvö frístundaheimili, tveir tónlistarskólar, fjórar félagsmiðstöðvar, þar af tvær fyrir eldri borgara, og vinnuskóli fyrir ungmenni yfir sumartímann. Skólarnir móta sjálfir megináherslur í skólastarfi en ætlast er til að þeir taki mið af mennta- og tómstundastefnu Suðurnesjabæjar og aðalnámskrám leik-, grunn- og tónlistarskóla. Áhersla er lögð á að fylgja markmiðum barnasáttmála- og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Farsæld barna er höfð að leiðarljósi þar sem leitast er við að skapa börnum skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Gert er ráð fyrir því að mennta- og tómstundastefna Suðurnesjabæjar verði endurskoðuð að minnsta kosti einu sinni á gildistíma hennar.

Hér er hægt að skoða stefnu sveitafélagsins í heild sinni:

[Mennta og tómstundastefna | Suðurnesjabær](#)

Gildi skólasamfélagsins í Garði eru:

- **ÁRANGUR** Drifkraftur, metnaður og þrá til að gera betur
- **VIRÐING** Fyrir sjálfum sér og öðrum
- **GLEÐI** Það er gaman að vera
- **LEIKUR** Nálgun við starf og líf
- **SKÖPUN** Frjó hugsun fær að njóta sín
- **ÁBYRGÐ** Traustur grunnur sem starfið byggir á.

Gerðaskóli starfar samkvæmt skilgreiningu um skóla án aðgreiningar sem felur í sér viðurkenningu á einstaklingsmun og rétti hvers nemanda til að stunda nám innan félagsheildar bekkjarins samkvæmt námskrá og með aðferðum sem styrkja sjálfsmynd hans og auka sjálfstæði. Skóli án aðgreiningar er ekki sérmál einstakra kennara heldur skólasamfélagsins alls.

2. Innra mat

Í *Leiðbeiningum um innra mat* (2016) segir „Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel hefur tekist að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að, út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum“ (Sigríður Sigurðardóttir, bls.6).

Tilgangurinn með innra mati er eins og fram kom í inngangi að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í skólanum og greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Þess vegna er mikilvægt að huga að öllum sviðum skólastarfsins en þau hafa vissulega áhrif á námsárangur.

2.1. Tilgangur og markmið matsins

Samkvæmt leiðbeiningum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016), um innra mat er tilgangur þess þrenns konar: að auka gæði náms og námsárangurs, að efla fagmennsku og styrkja lærdómssamfélagið og að veita betri upplýsingagjöf og bæta innra eftirlit. Matið hjálpar starfmönnum skólans að kynnast starfinu vel og finna bestu leiðir til að bæta það sem þarf að bæta svo aðstæður fyrir nemendur séu sem bestar. Þær spurningar sem leitað er svara við eru eftirfarandi:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri? (Sigríður Sigurðardóttir, 2016 bls.6)

Í matinu verður hugað að þáttum eins og námi og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og hvernig innra mat skólans er og hvernig það verður.

Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla er sett upp út frá fyrrnefndum viðmiðum. Hugmyndin er að styðjast fyrst og fremst við formlegt mat, þar sem trausta upplýsinga er aflað á kerfisbundinn hátt til að meta gildi og gæði þjónustunnar og leiðsagnarmat þar sem meta á þjónustuna með það í huga að það nýtist þeim sem starfa í skólanum og leiði til þess að þjónustan verði eflað og styrkt.

Þrátt fyrir að fyrst og fremst sé horft til innra mats í þessari áætlun fléttast ytra mat einnig inn í matið. Skólinn nýtir kannanir sem gerðar eru af utanaðkomandi aðilum til að greina stöðu og þarfir innan skólans og er það mikilvæg viðbót við innra matið.

Eins og fram kom í lýsingu á skólanum hér að framan leggur skólinn áherslu á nemandann og þarfir hans. Með hliðsjón af því verður lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Hvort skólinn hafi skýra sýn og styrka stjórn?
- Hvort kennsluhættir og mat mæti ólíkum þörfum nemenda og bæti árangur þeirra?
- Hvort nemendum líði vel í skólanum og hvort þeir hafi áhuga á náminu?
- Hvort það sé góður starfsandi í skólanum að mati starfsmanna og áhugi á skólaþróun?
- Hvort foreldrar séu ánægðir með samstarfið við skólann?

Verkefnið er umfangsmikið en margir koma að því og því teljum við það gerlegt.

Nauðsynlegt er að minna á að

„Mat á skólastarfi getur haft verulegt gildi ef það er vel unnið. Það er ekki greiði við neinn að halda áfram að veita kennslu sem ekki skilar þeim árangri sem vænst var og það er mikilvægt að bæta skólastarf svo að það skili eins góðum árangri og mögulegt er..“
(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 24).

Matið lagar ekkert eitt og sér heldur það sem gert er í kjölfarið, því er lögð áhersla á að gera matið skýrt og aðgengilegt og birta sjálfsmatsáætlun, umbótaáætlun svo og allar niðurstöður á vefsíðu skólans.

2.2 Matsteymi

Skipað er matsteymi fyrir hvert starfsár sem sér um skipulag matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við skólastjóra. Teymið skiptir með sér verkum og kys sér teymisstjóra sem leiðir starf þess. Matsteymið virkjar aðra með sér í matinu. Ákjósanlegur fjöldi í matsteymi er 3 til 8 og fer það eftir stærð skóla (Sigríður Sigurðardóttir, 2016 bls. 9).

Í matsteymi Gerðaskóla sitja 4 fulltrúar. Skólastjórnandi og þrír fulltrúar starfsfólks. Upplýsingar um fulltrúa í matsteymi er að finna á vefsíðu skólans. Forsenda fyrir

setu í matsteymi er að fulltrúar hafi áhuga á mati og sjái tilgang með því. Teymisstjóri er einn þessara fjögra fulltrúa sem teymið kemur sér saman um. Fulltrúar í teyminu sitja í því a.m.k. í 2 ár en lögð er áhersla á að ekki hætti allir í einu heldur að skipt sé út fulltrúum árlega.

Það er teymisins að setja niður sjálfsmatsáætlun skólans. Engu að síður setja lög og reglugerðir ýmsar kvaðir á herðar skólans varðandi mat og því liggur fyrir grunnur að matsþáttum sem teymið útfærir nánar. Teymið leggur áætlunina fyrir skólaráð þar sem sitja fulltrúar foreldra, nemenda og grenndarsamfélags og geta þeir gert athugasemdir við matsþætti og framkvæmd og eða komið með tillögur að nýjum matsþáttum.

Nauðsynlegt er að fulltrúar í teyminu skipti með sér verkum þegar kemur að matinu sjálfu og kynningu niðurstaðna fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum. Teymið tekur sjálft ákvarðanir varðandi skiptingu verka þar sem styrkleikar hvers meðlims skipta máli.

Siðareglur eru mikilvægar fyrir meðlimi teymisins. Matið tekur til nemenda, foreldra svo og starfsmanna og því er mikilvægt að borin sé virðing fyrir öllum þessum aðilum og niðurstöðum matsins. Nauðsynlegt er að teymið hugi að þáttum eins og að:

- það noti kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu
- það sé meðvitað um hugsanlega galla á þeim
- það vinni matið ævinlega samkvæmt bestu samvisku
- matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra
- niðurstöður séu túlkaðar hógværlega
- borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu
- mismunandi aðstæður fólks séu virtar
- borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakenda og almennings.

(Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 151)

Siðareglur af þessu tagi eru matsteyminu nauðsynlegar og mikilvægt að þær séu rifjaðar upp árlega.

3. Ytra mat grunnskóla og áhrif þess á innra mat

Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008) og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald (nr. 658/2009) er auk ákvæða um innra mat skóla að finna ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins með skólastarfi. Slíkt mat er kallað ytra mat.

„Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirbyggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra“ (Sigríður Sigurðardóttir, 2016).

3.1 Markmið og tilgangur ytra mats

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í skólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 fyrst og fremst að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda. Einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Ytra mat felur í sér hvoru tveggja eftirlit með og stuðning við skólastarf. Meginmarkmið ytra mats er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skólastarfi. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.


4. Framkvæmd innra mats í Gerðaskóla

Við mat á skólastarfi er nauðsynlegt að hafa í huga að hægt er að meta á marga mismunandi vegu. Þá er best að nota bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir t.d. staðlaðar kannanir eins og Skólapúlsinn leggur fyrir og starfsmannaviðtöl eða tengslakannanir. Með þessu móti fær matsteymið sem víðastar upplýsingar um starf skólans. Í Gerðaskóla er leitast við að hafa matið á skólastarfinu fjölbreytt og því er ekki stuðst við eina nálgun heldur nokkrar. Við matið er stuðst við margs konar matsaðferðir, eigindlegar, meginlegar og blandaðar aðferðir. Lögð er áhersla á að nota aðferðir sem best svara matsspurningunum í hvert sinn. Allar aðferðir eru gildar (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013, bls. 46).

Við skipulagningu sjálfsmatsins var lögð áhersla á að gera skýra myndræna sjálfsmatsáætlun. Þetta stóra verkefni er brotið niður í smærri einingar til að einfalda það. Þetta teljum við nauðsynlegt í ljósi þess að flestir sem sinna innra mati vinna einnig önnur mikilvæg störf innan skólans. Þetta form teljum við einnig auðvelda úrvinnslu vegna þess að unnið er jafnt og þétt yfir veturinn að minni verkefnum og þau tengd jafnóðum. Þessi aðferð á þó ekki að bitna á gæðum matsins heldur frekar að auka þau þar sem verkefnið verður viðráðanlegra.

Innra mat hefur hvorki upphaf né endi heldur er sífellt í gangi (sjá mynd hér fyrir neðan). Því er mikilvægt að hluta það niður í vel framkvæmanlegar einingar og í

Gerðaskóla hefur verið ákveðið að setja verkefnin niður á mánuði



(Sigríður Sigurðardóttir, 2016 bls.8)

Þegar hverjum matsþætti er lokið er niðurstöðum skilað. Matið er í gangi allt árið, niðurstöður koma jafnt og þétt yfir veturinn og strax hægt að bregðast við þeim með umbótaáætlun eða annars konar aðferðum. Samantekt á niðurstöðum er síðan birt í lok hvers skólaárs auk umbótaáætlunar.

Sem dæmi má nefna hefðbundnar spurningakannanir (eins og þær sem Skólapúlsinn leggur fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra), starfsmannasamtöl sem tekin eru af stjórnendum, einstaklings- og/eða rýnihópaviðtöl s.s. með nemendum, umræðufundir með unglingum (hver árgangur fyrir sig), matsfundur með skólaráði og nemendaráði, vettvangsathuganir til að skoða kennslu út frá útgefnum viðmiðum og ýmsar aðrar leiðir. Við notum til að mynda Skólapúlsinn, en hann sér um ýmsar mælingar fyrir marga skóla og nýtir sér meginðlegar rannsóknaraðferðir við það. Með tilkomu Skólapúlsins hafa skólar getað borið sig saman við aðra skóla og séð hvar þeir standa í þeim samanburði. Tilgangurinn með mati á skólastarfi er ekki bara sá að meta til að fá tölulegar upplýsingar heldur er markmiðið að fá upplýsingar um hvernig starfið fer fram og hvernig hægt er að bæta það.

Þátttakendamiðuð nálgun í formi gagnvirs mats er m.a. notuð við sjálfsmat og mat á líðan nemenda þar sem nemendur eru beðnir um að svara ýmsum spurningum um eigin frammistöðu og líðan í skólanum í viðtali við umsjónarkennara og fulltrúa úr matsteymi. Einnig eru nemendur beðnir um að svara spurningalista heima með foreldrum og mæta þannig undirbúnir í foreldraviðtal. Kosturinn við þetta matsform er að miklar upplýsingar fást í viðtölum við nemendur m.a. um frammistöðu og virkni í námi, félagslega stöðu, líðan þeirra o.s.frv. Niðurstöðurnar eru nákvæmar en gallinn er sá að engar heildarniðurstöður fást heldur eru þær fyrst og fremst einstaklingsbundnar og kennarar bundnir trúnaði við nemendur. Þess ber einnig að geta að viðtölin geta tekið langan tíma og eru flókin í úrvinnslu. Þrátt fyrir þessa annmarka teljum við kosti aðferðarinnar fleiri en gallana.

Við mat á framboði valgreina er stuðst við nálgunina neytendamiðuð mat þar sem nemendur hafa áhrif á hvaða valgreinar eru í boði og seinna er skoðað hvaða valgreinar verða líklegastar til að verða vinsælar með vefkönnun.

Starfssemismiðuð nálgun þ.e. markmiðsmiðuð mat er nýtt þegar kannað er hvort settum markmiðum hefur verið náð s.s. með námsmati, verkefnavinnu, námsmats í skóla o.fl. Þegar agastefnan er skoðuð er horft til markmiða stefnunnar s.s. hvort hún sé sýnileg, hvort nemendur þekki hana o.s.frv.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans er leitast við að hafa niðurstöður eins nákvæmar og hægt er. Niðurstöður geta þó verið trúnaðarmál eða erfitt að greina frá þeim og má þar nefna dæmi um niðurstöður úr nemendasamtölum og athugun á gæði kennslu. Því koma nákvæmar niðurstöður ekki fram við skýrslugerð í því mati þar sem taka þarf tillit til persónuverndar.

Fjölbreyttar aðferðir geta veitt okkur sýn frá mismunandi sjónarhornum og geta þannig rennt styrkari stoðum undir niðurstöðurnar. Sem dæmi má nefna að nemendur í 6. – 10. bekk fara reglulega í hefðbundnar spurningakannanir hjá Skólapúlslinum en viðhorf þeirra koma líka fram á rýnifundum og þegar samráð er haft við nemendaráð og sérstök könnun um líðan, einelti o.fl. er lögð fram á haustönn.

Vera kann að skólinn ákveði að leggja fyrir aðrar kannanir en hér eru nefndar. Sem dæmi má nefna tengslakannanir sem oft eru lagðar fyrir í bekkjum þar sem

samskipti eru erfið eða verið er að raða í nýja bekki. Skóli er lifandi samfélag og stundum þarf að bregða út af áætlunum og fara aðrar leiðir.

4.1 Grunnur að sjálfsmatsáætlun

Hér fyrir neðan er að sjá fyrrnefndan grunn að sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárin 2024-2029. Í grunninum koma fram fastir matsþættir sem mældir eru árlega auk þátta sem mældir eru annað hvert ár. Í viðauka er gerð grein fyrir hverjum matsþætti fyrir sig auk viðmiða um árangur. Eins og síðar kemur fram nær þessi tafla ekki yfir allt mat í skólanum því áætlanir kunna að breytast, verkefni að bætast við eða detta út, óvæntar aðstæður geta komið upp o.s.frv. Skólinn leggur þó áherslu á að flest sé hér að finna. Neðar í þessu skjali er gerð grein fyrir öðrum verkefnum sem einnig lúta að mati en eru ekki tímasettar eða fastur liður í skólastarfinu og/eða ekki gerðar af skólanum sjálfum.

Í matsáætlun Gerðaskóla er sjálfsmatsverkefnum vetrarins skipt niður á mánuði. Þegar hverjum matsþætti er lokið er niðurstöðum skilað og unnið að úrbótum eins og kom fram hér að framan.

4.2 Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla

Mánuður	Verkefni	Ábyrgð
Ágúst/sept.	- Kynning á matsáætlun - Lokayfirferð og útgáfa skólanámskrár og starfsáætlunar - Útgáfa bekkjanámsskráa fyrir hvert fag og mat á þeim.	Skólastjórnendur Skólastjórnendur Kennarar/ skólastjórnendur
September	- Mat á kennslu hefst - Einstaklingsnámskrárgerð - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Allir kennarar Umsjónakennarar/kennarar og verkefnastjóri sérkennslu. Skólastjórnendur
Október	- Samskiptadagur, viðræður við foreldra og nemendur um líðan og nám. - Leið til læsis skimun í 1. bekk - Talnalykilsskimun í 6. bekk	Umsjónarkennarar og aðrir kennarar Verkefnastjóri læsis og umsjónarkennarar Verkefnastjóri læsis

Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla 2025-2029

	LOGOS skimun í 6. bekk	Kennsluráðgjafi FRÆ
Nóvember	- Talnalykilsskimun í 3. bekk - Skil á niðurstöðum úr LOGOS í 6. bekk.	Verkefnastjóri læsis Kennsluráðgjafi FRÆ
Desember	Mat á valgreinum, 8. - 10. bekkur.	Náms- og starfsráðgjafi
Janúar	- Fundir með nemendum í 6. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) - Mat á kennslu hefst þ.e. skólastjórnenndur fylgjast með kennslu og ræða við kennara í kjölfarið. - Sjálfsmat nemenda - Samskiptadagur - Skólapúlsinn - fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólastjórnenndur og náms- og starfsráðgjafi Skólastjórnenndur Umsjónarkennarar og náms- og starfsráðgjafi Umsjónarkennarar Skólastjórnenndur
Febrúar	- Mat á kennslu-áframhald - Matsfundur í skólaráði - Endurmat LOGOS skimun 6. bekkur	Skólastjórnenndur Skólastjóri/skólaráð Kennsluráðgjafi FRÆ
Mars	- Starfsmannasamtöl - Skólapúlsinn – Starfsmannkönnun - LOGOS-skimun í 9. bekk	Skólastjórnenndur Skólastjórnenndur Kennsluráðgjafi FRÆ
Apríl	Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun, úrvinnsla og kynning	Skólastjórnenndur
Maí	- Mat á skólanámskrá og bekkjanámskrám skv. viðmiðum - Mat á námi - Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk úrvinnsla og kynning - Vorskýrsluvinna hefst	Skólastjórnenndur/Kennarar Kennarar Skólastjórnenndur Deildastjóri/kennarar
Júní	- Vorskýrslur kláraðar - Yfirferð lögbundinna áætlana - Samantekt um innra mat - Stoðþjónustuskýrsla - Skýrsla Hagstofu	Deildastjóri/kennarar Skólastjóri Skólastjórnenndur Deildarstjóri Skólastjóri/deildarstjóri

4.3 Aðrar kannanir

Til viðbótar skipulögðum könnunum á vegum skólans bætast stundum við aðrar kannanir sem lagðar eru fyrir af Menntamálastofnun s.s. Talis og Pisa, meistara- eða doktorsnemunum o.s.frv. Það er stefna skólans að taka að jafnaði vel í slíkar rannsóknir enda leiða þær til betri vitneskju um ýmsa þætti skólastarfs.

Einnig ber að nefna árlega kannanir sem lagðar eru fyrir í skólum.

Ungt fólk 8.-10.bekkur, Rannóknir og greining

Íslenska æskulýðsrannsóknin 4. - 10. Bekkur, Háskóli Íslands fyrir Mennta og barnamálaráðuneytið.

Niðurstöður og greiningar eru kynntar fyrir hagsmunaaðilum.

5.1 Skimanir stoðþjónustu

Umsjónarmaður skólaþjónustu Gerðaskóla heldur m.a. utan um alla stoðþjónustu skólans. Í samvinnu við stjórnendur og kennara hefur verið settur upp listi yfir skimunarpróf til að fylgjast með framvinu náms og finna þá nemendur sem eiga við námserfiðleika að etja. Tekið skal fram að þó svo að umsjónarmaður sé ábyrgur fyrir ákveðnum þáttum þá lýtur það fyrst og fremst að yfirstjórn verkefnanna.

Bekkur	Próf	Tími	Ábyrgð
1.bekkur	- Lesfimipróf - Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesferill-Leið til læsis - Hlustunarskilningur - Skimun talmeinafræðings	- Sept., jan. og maí - Sept. og maí - Okt. - Okt., jan. og mars - Sept/okt.	- Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis - Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis - Talmeinafræðingur
2.bekkur	- Lesfimipróf - Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesskilningspróf - Eftirfylgni talmeinafræðings (eftir þörfum)	- Sept., jan. og maí - Sept. og maí - Okt., jan., mars, maí.	- Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis - Talmeinafræðingur
3.bekkur	Lesfimipróf	Sept., jan. og maí	Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis

Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla 2025-2029

	- Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesskilningspróf - Orðarún - Talnalykilsskimun	- Sept. og maí - jan., maí. - Okt. og apríl - Nóv.	Verkefnastjóri læsis
4.bekkur	- Lesfimiþróf - Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesskilningspróf - Orðalykill - Orðarún - Litla upplestrarkeppnin	- Sept., jan. og maí - Sept. og maí - Jan., maí. - Feb. - Okt. og apríl - Mars/apr.	- Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis - Umsjónarkennari
5.bekkur	- Lesfimiþróf - Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesskilningspróf - Orðarún	- Sept., jan. og maí - Sept. og maí - jan., maí. - Okt. og apríl	Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis
6.bekkur	- Lesfimiþróf - Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesskilningspróf - Orðarún - LOGOS lesskimun (þeir sem þurfa) - Talnalykilsskimun	- Sept., jan. og maí - Sept. og maí - Jan., maí. - Okt. og apríl - Nóv. - Okt.	- Umsjónarkennari og verkefnastjóri læsis - Verkefnastjóri læsis.
7.bekkur	- Lesfimiþróf - Sjónrænn orðaforði og Orðleysu - athuganir (eftir þörfum) - Lesskilningspróf - Orðarún - Stóra upplestrakeppnin	- Sept., jan. og maí - Sept. og maí - Sept., jan., maí. - Okt. og apríl - Nóv.- mars.	- Íslenskukennari og verkefnastjóri læsis - Íslenskukennari

Sjálfsmatsáætlun Gerðaskóla 2025-2029

8.bekkur	• Lesfimipróf • Lesskilningspróf • Orðarún	• Sept., jan. og maí • Sept., jan. og maí • Okt.og apríl	• Íslenskukennari og verkefnastjóri læsis
9.bekkur	• Lesfimipróf • Lesskilningspróf • Logos skimun (eftir þörfum)	• Sept., jan. og maí • Sept., jan. og maí • Jan/feb.	• Íslenskukennari og verkefnastjóri læsis
10.bekkur	• Lesfimipróf • Lesskilningspróf • Bendill	• Sept., jan. og maí • Sept. og maí • Jan.	• Íslenskukennari og verkefnastjóri læsis • Námsráðgjafi

Til viðbótar því að finna þá nemendur sem skera sig úr er lögð áhersla á að kanna hvort framfarir séu hjá nemendum. Matsteymi skólans ber ábyrð á þessu verkefni og horfir til viðmiða sem sett eru með hverju skimunarprófi auk þess sem dreifing niðurstaðna er skoðuð.

Vilji er til að stoðþjónusta skólans sinni vel þeim börnum sem þurfa viðbótar stuðning í námi. Sérkennarar vinna náið með umsjónar-/greinakennurum þannig að allir eru vel upplýstir um þann stuðning sem nemendur fá. Þannig nær skólinn betur að sinna nemendum út frá einstaklingsnálgun.

6. Lokaorð

Eins og fram kom í inngangsorðum er markmið þessarar áætlunar að leggja grunn að sývirku umbótastarfi í Gerðaskóla með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Mikilvægt er að þess sé gætt að kennarar hafi nægan tíma til að undirbúa og sinna kennslu sinni. Matsstarfið má því ekki vera íþyngjandi um of. Þess vegna þurfa aðrir aðilar s.s. stjórnendur, matsteymi og ýmsir sérfræðingar einnig að koma að þessu mati.

Öllu þessu mati er ætlað að afla sem gleggstra upplýsinga um stöðu nemenda og árangur skólastarfsins. Það er því mikilvægt að það sé nýtt til úrbóta á starfinu þegar í ljós kemur að þeirra sé þörf. Mat og greining ein og sér má sér lítils ef ekki

fylgir áætlun um úrbætur. Það er verkefni stjórnenda í samvinnu við matsteymi og kennara að finna leiðir til úrbóta. Slíkar úrbætur geta í einhverjum tilvikum kallað á utanaðkomandi aðstoð.

Það er markmið skólans að hann verði á sem flestum sviðum sjálfbær hvað sérfræðipjónustu varðar. Mikið af slíkri þekkingu er til staðar í skólanum en það sem á vantar er æskilegt að starfsmenn skólans afli sér. Þess vegna verður megináherslan í símenntun starfsmanna miðuð við að bæta úr þeirri þörf sem í ljós kemur.

Þörf er á að kennarar séu vakandi fyrir nýjungum í læsiskennslu. Nauðsynlegt er að kennurum verði gert kleift að afla sér viðbótarþekkingar á læsiskennslu sem og kennslu í sínum greinum. Mikilvægt er að starfsmenn afli sér réttinda til að leggja fyrir próf og skimanir í þeim tilgangi að greina stöðu nemenda. Innan skólans er kennari með réttindi til LOGOS skimunar. Í skólanum er lagt fyrir Milli mála – skimunarprófið en í því er færni erlendra nemenda metin. Einn starfsmaður hefur réttindi til að leggja fyrir Talnalykilsskimanir og æskilegt er að fjölga þeim um 1-2. Það þarf að vinna markvisst að því að bæta þekkingu til eftirlits, mats og eftirfylgni innan skólans.

Í matinu er mikilvægt að skólinn horfi til þess að ná sínum eigin markmiðum og bæta innra starf. Að miða sig stöðugt við aðra skóla getur verið erfitt því ytri þættir eins og félagsleg samsetning íbúa, reynsla starfsfólks, menntunarstig foreldra og samsetning nemenda getur verið ólík eftir skólum. Það er því mikilvægt að horfa til framfara, að meta út frá eigin viðmiðum og gleyma því ekki að horfa á það sem vel gengur í skólanum og styrkja þá þætti. Þó svo að samanburður sé góður þá verðum við að vera meðvituð um að skólar geta verið mjög ólíkir og því varla samanburðarhæfir.

Skólastarf þarf að vera í stöðugri þróun m.a. vegna breytinga í umhverfi skóla, vegna tækniþróunar, vegna breytinga á stefnu löggjafans og eftirlitsaðilans, vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu, vegna ólíkra nemenda o.s.frv. Sjálfsmatið þarf að þróast eins og annað starf skólans og mikilvægt er að meta ávallt það sem skólinn er að gera og huga jafnframt að því sem hann ætti að vera að gera. Sjálfsmat skóla er hringferli sem eðli málsins samkvæmt tekur aldrei enda og er því í stöðugri þróun.

Heimildaskrá

Gerðaskóli. (2019). *Saga skólans*. Sótt af <http://gerdaskoli.is/skolinn/sagan>.

Gerðaskóli. (2019). *Skólanámskrá Gerðaskóla*. Sótt af <http://gerdaskoli.is/skolanamskra>

Lög um grunnskóla nr.91/2008

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald. 973/2018

Sigríður Sigurðardóttir (2016). Leiðbeiningar um innra mat. Mennta -og menningarmálaráðuneytið. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=05feb9ee-52a4-11e7-941a-005056bc530c>

Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). *Mat á skólastarfi, handbók um matsfræði*. Reykjavík. Hólar.

Skólastefna sveitafélagsins Garðs. Sótt af: https://www.svgardur.is/sites/default/files/_EFNI/180_skolastefna_inn.pdf